

Samstarfsfundur FASK og RV

9 fundur. 8. Feb 2021 kl 17:10

Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir, Bergþóra Ágústsdóttir, Ágúst Elvarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir, Óskar Arason, Sigurður Guðmundsson, Kristján Guðnason og Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir.

1. Kynning á RV

Fríða kynnti niðurstöður könnunar sem RV lét framkvæma fyrir félagið nýlega, fram kom að um 40% svörun hafi verið á könnuninni. Könnunin var sett fram til að leita leiðarljóss fyrir framtíðarstefnu RV og hlutverk þess. Fram kom að félagið ætli að vera leiðandi markaðsfélag fyrir eigendur sína. Helstu gildi voru samvinna, fagmennska og framsýni. Fór Fríða yfir helstu niðurstöður könnunarinnar, einnig studdi hún mikilvægi samstarfs og samtals RV og FASK og hvers vegna sameining félagana sé ekki vænlegri kostur.

2. Kynning á FASK

Haukur kynnti helstu hlutverk FASK. Fram kom að FASK sé hagsmunafélag íbúa SVH og fyrirtækja sem eru skráð með lögheimili í SVH. Félagið sinnti hagsmunagæslu fyrir félagssvæðið og ynni að ýmsum framfaramálum tengd ferðaþjónustu.

3. Sameiginleg verkefni og verkaskipting

Samþykkt var að halda áfram starfsemi beggja félaga enda eru hlutverkin ólík, það er kostur að dreifa verkefnum á fleiri hendur. Komið verður á fót skipulögðu samstarfi á milli félaganna, þar sem félögin geti stutt hvort annað í ýmsum málum og komið fram saman í öðrum. Með því væri breiðari fylking sem gætti hagsmuna svæðisins, hvort sem um ræðir markaðsmál eða almenn mál tengd þróun í ferðaþjónustu sem styður við jákvæða samfélagsþróun. Lagði fundurinn til að formenn félaganna óski eftir því við SVH að komið verði á skipulögðum fundum milli fullrúa frá SVH, RV og FASK með reglulegu millibili, t.d á 6 vikna fresti. Á þeim fundum væri hægt að fara yfir málefni sem félögin og SVH hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta.

4. Samstarfsvettvangur

Rætt var um að útbúa workplace til að koma á fót vettvangi til að auka samstarfið milli FASK og RV, formönnum falið að setja slíkt kerfi upp og kynna fyrir stjórnarmönnum.

5. Önnur mál

Eftirfarandi mál voru rædd sem samstarfsverkefni félaganna.

- Locally owned and operated - Vörumerkjaþróun fyrir heimafyrirtæki (HMSÞJ)
- Ógleymanleg mynd - Aðdráttur inn á Höfn
- Skipulagt Kaffi spjall fyrir félagsmenn og hluthafa
- Námskeiðshald
- Myndefni - Myndabanki
- Markaðsátak fyrir sumarið 2021, RV, FASK, SVH
- Upplýsingamiðstöð - Sameiginlegur vettvangur fyrir upplýsingar um þjónustu sem í boði er, opnunartímar o.fl.

Fundi slitið: 18:30